



Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar 2012



Efnisyfirlit

Frá formanni skóla- og frístundaráðs	3
Skipurit og lykiltölur	5
Skóla- og frístundaráð	6
Samráð við skólastjórnendur og forstöðumenn	10
Dagforeldrar	11
Leikskólar	12
Grunnskólar	14
Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur	16
Frístundamiðstöðvar	17
Skólahljómsveitir	19
Fullorðinsfræðsla	20
Starfsmenn og starfsþróun	21
Rannsóknir og kannanir	23
Ráðstefnur og málþing	24
Viðburðir	25
Verðlaun og styrkir	26
Útgáfur	28

Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012

Gefin út 2013.

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri.

Tölur og myndir: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Hönnun og umbrot: Kristján Sigurðsson.

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir, Helga Björnsdóttir, Harpa Hrunn Njálisdóttir og fleiri.

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir:

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Fundargerðir skóla- og frístundasráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna

Fyrri ársskýrslur

Fréttatilkynningar

Heimasíða skóla- og frístundasviðs, www.skolaogfristundasvid.is

Frá formanni skóla- og frístundaráðs

Árið 2012 var kraftmikið og lærdómsríkt á skóla- og frístundasviði. Starfsfólk var sem fyrr óþreytandi í viðleitni sinni við að byggja upp gott fagstarf og niðurstöður mælinga og kannanna voru ánægjulegar og hvetjandi.



Besti árangur reykískra barna í stærðfræði kom fram í niðurstöðum **Talnalykils**, skimunarprófs fyrir 3. bekk. Aldrei hafa færri börn þurft stuðning í stærðfræði og ber það metnaðarfullri kennslu á yngsta stigi grunnskólans glæsilegt vitni. Lesskimun í 2. bekk sýndi annan besta árangur frá upphafi mælinga.

Könnun meðal foreldra grunnskólabarna sýna jafnframt vaxandi ánægju þeirra með skólastarfið og hafa þeir ekki mælt ánægðari frá árinu 2002. 95% foreldra telja skólann koma vel til móts við þarfir síns barns og hlutfall foreldra sem telur barn sitt hafa orðið fyrir einelti lækkar mikið. Umsjónarkennarar uppskera lof foreldra; níu af hverjum tíu eru ánægðir með hann, viðmót hans, foreldravíðtöl og upplýsingagjöf.

Á árinu var í fyrsta sinn kannað viðhorf foreldra barna sem tóku þátt í sumarsmíðjum á vegum sviðsins. Niðurstöðurnar bera glöggt vitni um metnaðarfullt og skemmtilegt sumarstarf, en 96% foreldra sögðu að barni þeirra hefði líðið vel í smíðjunum og ávallt hlakkað til að sækja þær. Foreldrar eru jafnframt afar ánægðir með frístundaheimili borgarinnar og sífellt fleiri nýta sér uppbyggilegt starf þeirra. Ánægja foreldra með unglingastarf félagsmiðstöðvanna er einnig mikil og margir telja brýnt að borgin efli frístundastarf fyrir 10-12 ára börn.

Viðfangsefni skóla- og frístundaráðs voru óvenju fjölbreytt á árinu. Sviðið fagnaði eins árs afmæli og voru tvö vegleg málþing haldin af því tilefni. Málþing um samfellu og skil á milli skólastiganna þriggja var haldið í tilefni af útkomu bókar Dr. Gerðar G. Óskarsdóttur og var það vel sótt af skólafólki. Málþing um læsi í leikskóla var einnig fjölmennt og varð að mikilvægu innleggi í stefnumótun um læsisstefnu fyrir leikskólana sem samþykkt var að vinna að. Málþingið var haldið á síðustu dögum lestrarhátíðar, þeirrar fyrstu í bókmenntaborginni Reykjavík, en leik- og grunnskólarnir voru virkir á hátíðinni sem átti sinn þátt í því hversu vel hún lukkaðist.

Önnur hátíð, Barnamenningarhátíð, tókst ákaflega vel í alla staði. Mörg þúsund leikskóla- og grunnskólabörn tóku þátt í hátíðinni eða nutu hennar með foreldrum sínum og skólafélögum. Á Barnamenningarhátíð var fyrsti Menningarfáni skóla- og frístundaráðs veittur Dalskóla fyrir framúrskarandi menningar- og listuppeldi.

Próunarstyrkir skóla- og frístundaráðs hafa margfaldast síðustu misserin og erum við í ráðinu afar stolt af að geta þannig stutt við öflugt próunarstarf. Hæstu styrkina hlutu fjórir leikskólar í sameiningarferli sem vinna í samstarfi við háskólasamfélagið að því að þróa leikskólastarf með hliðsjón af þörfum yngstu barnanna. Annar myndarlegur styrkur rann til þriggja ára verkefnis í Efra-Breiðholti sem miðar að því að auka samfellu milli leikskóla og grunnskóla sem og frístundastarfsins með áherslu á þarfir barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Breiðholtið var í brennidepli á árinu því á haustdögum hóf göngu sína tilraunaverkefni í Fellaskóla sem felur í sér að skóladagur barna í 1. og 2. bekk er lengdur og skóla- og frístundastarfið samþætt. Stóraukin áhersla er lögð á málproska og læsi, hvetjandi námsumhverfi, félagsfærni og samskipti.

Skóla- og frístundaráð samþykkti á árinu nýja og endurskoðaða stuðningsstefnu fyrir grunnskólana. Í henni eru fimm meginþættir sem saman mynda ramma utan um þann margbreytileika sem er staðreynd í reykvískum grunnskólum:

- 1) Sveigjanlegt nám, fjölbreyttir kennsluhættir og sérstakur stuðningur.
- 2) Sérskólar og sérdeildir í heildstæðu skólasamfélagi.
- 3) Ráðgjöf við starfsfólk, skóla, nemendur og foreldra.
- 4) Úthlutun fjármagns.
- 5) Innleiðing, framkvæmd og mat.

Sem fyrr er brýnt að nýta mælingar og mat til að draga fram það sem vel er gert í skóla- og frístundastarfi og til að bæta úr því sem betur má fara. Nýmæli er að verið er að þróa viðmið um gæði leikskólastarfs og frístundastarfs. Slík viðmið eru afar mikilvæg fyrir starfsfólk og stjórnendur svo ná megi markmiðum um að vera í fararbroddi í skóla- og frístundastarfi.

Unglingadeild Foldaskóla stækkaði til muna á árinu þegar unglingar úr Hamraskóla og Húsaskóla hófu þar nám. Við sama tækifæri fékk sérdeild fyrir einhverfa nemendur betri aðstöðu í Foldaskóla og Skólahljómsveit Grafarvogs betri aðstöðu í Húsaskóla. Undirbúningur þessara breytinga var vandaður og góður og fyrsti veturinn lofar góðu.

Mötuneytismál skóla- og frístundasviðs voru tekin til gagnerrar endurskoðunar með það að markmiðið að auka hollustu, gæði hráefnis og skilvirkni. Þjónustudeild mötuneyta mun halda utan um ráðgjöf, innkaup og eftirfylgd og verður eldhúsunum okkar mikil og góð stoð í sínu mikilvæga hlutverki.


Á árinu var samþykkt að fara í viðamiklar endurbætur og viðbyggingu við Klettaskóla, þar sem byggja á bæði íþróttahús og sundlaug sem verður kærkomið fyrir nemendur skólans. Þá fékk Breiðagerðisskóli allsherjar andlitslyftingu og samþykkt var að flytja frístundaklúbbinn Hofið í betra húsnæði í Safamýri sem leysti um leið úr húsnæðisvanda frístundaheimilisins í Vogaskóla.

Of langt mál er að telja upp öll þau verk sem hið unga en reynslumikla skóla- og frístundasvið tókst á hendur á árinu. Til að stikla á stóru vil ég þó nefna að skóla- og frístundaráð samþykkti að fjölga skipulagsdögum í leikskólum úr fimm í sex, að styrkja fræðsluhlutverk Fjölskyldu- og húsdýragarðsins til að styðja við náttúrufræðikennslu og umhverfislæsi, það setti á laggirnar starfshópa sem skoða eiga framtíðarstefnu fyrir Myndver grunnskólanna, heilsueflingu barna, óæskileg áhrif staðalmynda á stelpur og stráka og endurskoða félagslega menntastefnu Reykjavíkur. Þá samþykkti ráðið lestrarstefnu grunnskólanna, svo fátt eitt sé nefnt.

Allt okkar starf á skóla- og frístundasviði byggir á frábærum mannaúði og skýrri sýn um það hvað er börnum og unglingum í borginni fyrir bestu. Ég þakka öllu starfsfólki sviðsins fyrir samstarfið á árinu 2012 og hlakka til næstu ára.

Óðinn Sturladóttir

Skipurit og lykiltölur



Undir skóla- og frístundasvið heyrar:

- 63 leikskólar með um 6.000 börn. Auk þess eru um 1000 börn í 18 sjálfstætt starfandi leikskólum. 800 börn dvelja að jafnaði hjá um 200 dagforeldrum.
- 36 grúnskólar með um 13.400 nemendur, auk 6 sjálfstætt starfandi grúnskóla með um 580 nemendur.
- 37 frístundaheimili og 4 frístundaklúbbar fyrir um 3.500 börn.
- 25 félagsmiðstöðvar með um 175.000 heimsóknir á ári.
- 4 skólahjomsveitir þar sem um 440 nemendur læra á hljóðfæri.
- Námsflokkar Reykjavíkur þar sem um 250 manns stunda nám á ári hverju og um 1.500 manns fá náms- og starfsráðgjöf.
- Skóla- og frístundasvið greiðir með um 2.500 nemendum í 18 tónlistarskólum í borginni.
- Hjá sviðinu starfa um 4.300 starfsmenn í um 3.700 stöðugildum. Þar af eru 1.740 stöðugildi leik- og grúnskólakennara. 83% starfsmanna eru konur.

Skóla- og frístundaráð

Skóla- og frístundaráð mótar stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum og frístundastarfi barna og ungmenna. Einnig mótar það stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu.

Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur það eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Skrifstofa sviðsins annast stjórnsýslu fyrir ráðið og heldur utan um starfsemi þess. Ráðið starfaði á árinu undir forystu Oddnýjar Sturludóttur en í því sátu 7 kjörnir fulltrúar

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði 2012:

Oddný Sturludóttir formaður (Samfylkingu)

Hilmar Sigurðsson (Samfylkingu)

Óttarr Ólafur Proppé (Besta flokki)

Eva Einarsdóttir (Besta flokki)

Kjartan Magnússon (Sjálfstæðisflokki)

Marta Guðjónsdóttir (Sjálfstæðisflokki)

Líf Magneudóttir/Sóley Tómasdóttir frá sept. (Vinstrihreyfingunni grænu framboði)

Foreldrasamtökin **Börnin okkar** og **SAMFOK** eiga áheyrnarfulltrúa í ráðinu, svo og fulltrúar skólastjórnenda og starfsfólks í leikskólum og grunnskólum og forstöðumanna frístundamiðstöðva. Sviðsstjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og fagstýrir sviðsins sátu fundi ráðsins, auk ritara.



Stefnumarkandi verkefni

Læsisstefna fyrir leikskóla

Í janúar samþykkti skóla- og frístundaráð að stofna starfshóp sem falið var að móta læsisstefnu fyrir leikskóla borgarinnar í ljósi aðalnámskrár leikskóla. Starfshópurinn hóf störf haustið 2012 og stefnt var á að leggja fram stefnu vorið 2013. Í henni verða skilgreindar áherslur í málörvun, ritmáli, tjáningu og leik en það eru þættir sem leggja grunn að hæfni barna í lestri síðar meir.

Sumarfrístund fyrir elstu leikskólabörnin

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 18. janúar, að setja á laggir starfshóp til að undirbúa nýtt þjónustutilboð fyrir elstu leikskólabörnin sumarið áður en þau setjast á skólabekk í grunnskóla. Með svokallaðri sumarfrístund verður 1. bekkjum boðið upp á spennandi frístundastarf á skólaskilum, eða í nokkrar vikur að loknu sumarleyfi leikskólanna og fram að skólabyrjun. Markmiðið er að skapa meiri samfellu milli fyrstu skólastiga og veita nýjum grunnskólanemendum kost á því að kynnst starfsfólki og starfsemi frístundaheimila áður en formleg skólaganga hefst.



Blíð byrjun fyrir yngstu leikskólabörnin

Starfshópur sem starfaði í tvö ár um verkefnið **Blíða byrjun** skilaði tillögum sínum í byrjun árs. Þær miða að því að byggja upp leikskólastarf fyrir þriggja ára börn og yngri og bæta þjónustu við þau og fjölskyldur þeirra. Meðal þess sem starfshópurinn lagði til var að ganga til samstarfs við Menntavísindasvið HÍ og Rannsóknarstofu í menntunarfræðum yngri barna um þróun leikskólastarfs fyrir yngstu börnin í leikskólunum.

Menningarfáni

Þróunarverkefnið **Menningarfáni** Reykjavíkurborgar fór af stað en það miðar að því að efla menningarstarf í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum. Fáninn er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarstarf og er ætlað að styðja við og hlúa að listkennslu og skapandi starfi. Hann var veittur í fyrsta sinn á Barnamenningarhátíð í apríl og kom í hlut Dalskóla. Skóla- og frístundaráð samþykkti jafnframt að auka hlut skapandi greina í grunnskólum borgarinnar.

PÍSA keik 2012 fyrir 10. bekkinga

Til að stuðla að vitundarvakningu um gildi samræmdra prófa í 10. bekk var efnt í fyrsta sinn til **PÍsa keik** í samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar. Verkefnið hafði að markmiði að hvetja unglinga til að gera sitt besta í rannsókninni og var í formi samkeppni um besta svarið við spurningunni: Hvers vegna finnst þér mikilvægt að gera þitt besta? Þeir gátu sent inn stuttmynd, lag, ljósmynd, ljóð, smásögu of. fl. Til að ná sem mestri útbreiðslu í þessum aldursþóp var samkeppnin kynnt á Facebook. Sigurvegari í keppninni var Magnús Jóhann Ragnarsson nemandi í 10. bekk Árbæjarskóla sem fékk verðlaunin fyrir stuttmynd.

Skipulagsdögum í leikskólum fjölga um einn

Skóla- og frístundaráð ákvað á fundi sínum í mars að fjölga skipulagsdögum starfsfólks í leikskólum úr fimm í sex á ári. Breytingin tók gildi frá og með 1. júní og miðast við að þrír dagar nýtist á haustönn og þrír á vorönn. Þrír skipulagsdagar skulu jafnframt vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks í grunnskólum, en hinir þrír geta ýmist verið hálfir dagar eða heilir. Leikskólar eru lokaðir á skipulagsdögum.

Biophilíu-tónvísindasmiðjur

Á árinu fóru af stað námskeið og starfsþróunarverkefni fyrir kennara í grunnskólum í **Biophilíu**-tónvísindasmiðjunum sem verða í boði fyrir alla nemendur í 5.- 7. bekk. Verkefnið hófst á árinu 2011 í samstarfi við Björk Guðmundsdóttur tónlistarkonu og Háskóla Íslands. Því verður haldið áfram næstu þrjú árin og verður skólunum boðið upp á **Biophilíu**-verkfærakistu til að samþætta tónlistarnám, vísindi, tölvutækni, sköpun og jafnvel fleiri námsgreinar.

Vesturbæjarfléttan

Stjórnendur starfsstaða SFS í Vesturbæ sköpuðu samstarfsvettvanginn **Vesturbæjarfléttuna** sem hefur það markmið að móta samfellu og heildarumgjörð um skóla- og frístundastarf í Vesturbænum. Tilgangurinn er að samræma eins og hægt er áherslur mismunandi stofnana og fjalla um sameiginleg málefni. Sem dæmi má nefna að nokkur umræða hefur verið um möguleika þess að samræma skóladagatöl skóla og leikskóla sem hefur augljósa kosti fyrir marga en einnig nokkra ókosti sem skoða þarf. Meðal annarra verkefna sem áhugi er fyrir að koma af stað eru meiri samskipti nemenda þvert á skóla og skólastig, örugg aðlögun nemenda milli skóla og skólastiga, betri nýtingu húsnæðis þvert á stofnanir og sameiginleg verkefni og endurmenntun starfsmanna. Stæsta verkefnið veturinn 2012-2013 var sameiginlegur starfsdagur 28. september.

Safnskóli á unglingastigi í sunnanverðum Grafarvogi

Unnið var að því á árinu að stofna heildstæðan safnskóla á unglingastigi í sunnanverðum Grafarvogi. Í upphafi skólaárs tók til starfa sameinuð unglingadeild í Foldaskóla fyrir nemendur í 8.-10. bekk og bættust þá við nemendur úr Hamraskóla og Húsaskóla. Eitt meginmarkmið með sameinaðri unglingadeild er að efla unglingamenningu og frístundastarf í hverfinu og að bjóða unglingum upp á fjölbreyttara val í námi sínu.



Meiri samþætting og samfelldur skóladagur í Fellahverfi

Tveggja ára tilraunaverkefni fór af stað í Fellahverfi sem miðar að því að samþætta betur skóla- og frístundastarf og styrkja aðlögun skólabarna af erlendu bergi brotnu. Skóladagur barna í 1. og 2. bekk í Fellaskóla var lengdur úr 30 klukkustundum í 34 klukkustundir á viku og stórukin áhersla lögð á málþroska og læsi. Safnfrístund fyrir börn í 3. og 4. bekk í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla var starfrækt að Hraunbergi 12 til að efla frístundastarf og flétta það betur saman við nám og kennslu.

Lestrarstefna

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í október nýja lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkur. Í henni er kveðið á um að auka vægi lestrar og ritunar í öllu námi og á öllum skólastigum. Allir grunnskólar í borginni munu móta sér sína eigin lestrarstefnu.

Foreldravefur

Unnið var við það á árinu að setja saman viðamikinn vef fyrir foreldra barna og ungmenna í borginni. Hann á að vera verkfæri og stoð fyrir foreldra barna á fyrstu tveimur skólastigunum í samskiptum við skólastarfsfólk og hvatning um virka þátttöku í leik, námi og frístundum barnanna. Sérfræðingar á sviðinu skrifuðu efni á vefinn sem rýndur var af foreldrum áður en hann fór í loftið.



Samráð við skólastjórnendur og forstöðumenn

Mánaðarlega koma stjórnendur á skóla- og frístundasviði saman og funda með stjórnendum á skrifstofu sviðsins um fagstarfið, starfsmannamál, stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmd þeirra. Einnig kemur samráð leikskólastjóra, skólastjóra og 24 manna samráðshópur frístundamála saman sex sinnum á ári. Í faglegu samráði sitja fulltrúar stjórnenda, faglegur stjórnandi á skrifstofu og fulltrúi mannauðsdeildar.

Markmið þessara samráða er að vera vettvangur fyrir stjórnendur undirstofnana til að koma á framfæri við æðstu yfirmenn borgarinnar athugasemum og ábendingum um allt sem betur má fara svo og fyrir skrifstofu sviðsins til að miðla upplýsingum og fá viðbrögð á hin ýmsu mál.

Jafnframt er þetta vettvangur umræðu sem eru efst á baugi hverju sinni um skóla- og frístundamál og snýr að upplýsingamiðlun og samráði en ekki ákvarðanatöku.

Samráð leikskólastjóra


Sigríður Þórðardóttir, leikskólastjóri í Árborg, fyrir Árbæ, Grafarholt og Nordlingaholt.
Gerður Sif Hauksdóttir, leikskólastjóri í Græ nuborg, fyrir Miðborg og Hlíðar.
Rannveig Bjarnadóttir, leikskólastjóri í Gullborg, fyrir Vesturbæ.
Ágústa A. Friðriksdóttir, leikskólastjóri í Seljaborg, fyrir Breiðholt.
Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri í Vinagerði, fyrir Laugardal og Háaleiti.
Júlíana Hreinsdóttir, leikskólastjóri í Lyngheimum, fyrir Grafarvog.

Samráð skólastjóra

Örn Halldórsson fyrir Vesturbæ, Krístrún G. Guðmundsdóttir fyrir Miðborg Hlíðum, Sigríður H. Bragadóttir fyrir Laugardal og Háaleiti, G. Eygló Friðriksdóttir fyrir Árbæ, Grafarholt og Nordlingaholt, Kristín Jóhannesdóttir fyrir Breiðholt, Björgvin Þ. Þórhallsson fyrir Grafarvog og Kjalarnes og Guðlaug E. Gunnarsdóttir formaður í félagi skólastjórnenda í Reykjavík.

Samráðshópur frístundamála

Í hópnum sátu forstöðumenn frístundamiðstöðvanna:
Atli Steinn Árnason fyrir Grafarvog, Guðrún Kaldal fyrir Vesturbæ, Haraldur Sigurðsson fyrir Laugardal og Háaleiti, Helgi Eiríksson fyrir Breiðholt, Jóhannes Guðlaugsson fyrir Árbæ, Grafarholt og Nordlingaholt og Selma Árnadóttir/Dagbjört Ásbjörnsdóttir fyrir Miðborg og Hlíðar.



Dagforeldrar

Dagforeldrum fjölgaði nokkuð á árinu. Þeir voru 212 í byrjun ársins 2012 og hjá þeim dvöldu 949 börn. Alls dvöldu 747 reykvísk börn hjá dagforeldrum þann 1. október 2012. Framlag borgarinnar vegna barna hjá dagforeldrum hækkaði um 10% í byrjun ársins og jafnramt hækkaði systkinaafsláttur. Framlag fyrir annað barn var 75% hærra en með fyrsta barni og framlag með þriðja barni var 100% hærra.

Reglur Reykjavíkurborgar um framlag vegna barna hjá dagforeldrum tóku breytingum 1. mars. Ekki er lengur notað orðið framlag um styrk borgarinnar heldur niðurgreiðsla. Orðlagsbreytingin var gerð að beiðni samtaka dagforeldra.

Dagforeldrar vinna saman í auknum mæli

Sú nýbreytni af hálfu borgaryfirvalda að leigja dagforeldrum húsnæði, s.s. gæsluvallarhús og skólagarðahús, stuðlaði að því að dagforeldrum sem vinna saman fjölgaði á árinu en slíkar starfsstöðvar voru 46. Könnun sem gerð var meðal dagforeldra á vordögum sýndi jafnframt að mikill meirihluti þeirra sótti sér stuðning til annarra dagforeldra og vildu meira samstarf. Einnig hafði þorri dagforeldra áhuga á að sækja fræðslu eða ráðgjöf til leikskóla í sínu hverfi og eiga kost á því að nýta leikskólalóð fyrir börnin. Allir dagforeldrar sem tóku þátt könnuninni höfðu fengið hrós frá foreldrum vegna starfsins, þar af 86% oft.




Foreldrar ánægðir með dagforeldra

Viðhorfsskönnun meðal foreldra með barn hjá dagforeldrum sýndi mikla ánægju þeirra með þjónustuna. Jafnframt leiddi könnunin í ljós að rúmlega helmingur foreldra hefði heldur kosið leikskólapláss fyrir barn sitt hefðu þeir átt þess kost. Algengasta ástæða þess var að vistun í leikskóla er ódýrari en einnig nefndu þeir að þar færi fram meira faglegt starf.

Metþátttaka á námskeiði

Í mars var árlegur námskeiðsdagur dagforeldra sem þótti heppnast mjög vel. Hátt í tvö hundruð dagforeldrar sátu námskeiðið. Þar var m.a. fjallað um barnavernd, næringu og fæðuval fyrir ung börn og hvernig megi efla góð samskipti.

Fjöldi dagforeldra og barna 1997-2012



Leikskólar

Þann 1. október 2012 dvöldu 5.920 börn í leikskólum borgarinnar, 1.037 börn í 18 sjálfstætt starfandi leikskólum og 18 reykvísk börn í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur. Heildarfjöldi leikskólabarna í borginni var 6.957.

Starfsáætlun

Í starfsáætlun var lögð áhersla á að efla skapandi og fjölbreytt fagstarf í leikskólum borgarinnar. Starfshópar unnu að stefnumótun í málaflokkum eins og að innra og ytra mati, forvörnum, læsisstefnu fyrir leikskóla og endurskoðun á stefnu vegna fjölmenningslegrs skóla- og frístundastarfs.

Unnið var að sameiningu leikskóla frá fyrra ári með stuðningi frá skrifstofu. Með hverjum sameinuðum leikskóla starfaði tengiliður frá skrifstofu sviðsins. Haldnir voru mánaðarlegir samráðsfundir leikskólastjóra og fulltrúa frá skrifstofu sviðsins, auk þess sem leikskólastjórar nutu ráðgjafar frá sérfræðingum á Menntavísindasviði HÍ.

Á árinu hófst innleiðing á aðalnámskrár leikskóla. Á námskeiðsdegi leikskólastjóra og á fjórum fræðslufundum var fjallað um grunnþætti menntunar og unnið var að endurskoðun skólanámskrár í leikskólum.

Starfshópur um **Blíða byrjun** lauk störfum á árinu og horfði hópurinn sérstaklega til þess hvernig bæta mætti aðlögun og aðgengi barnafjölskyldna að þjónustu Reykjavíkurborgar. Hópurinn lagði fram ný tillögur þar sem lögð var áhersla á víðtæka samvinnu stofnana og að bilið frá fæðingarorlofi foreldra fram að leikskólagöngu barnsins verði brúað.

Í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur gaf skóla- og frístundasvið út myndina **Umhverfið er okkar bók**. Hún var tekin upp í leikskólunum Bakkabergi, Hálsaskógi, Holti og Steinhliði og sýnir hvernig aðferðir í útinámi og umhverfismennt auka náttúru- og umhverfislæsi leikskólabarna og hafa áhrif á málþroska þeirra og læsi.

Á árinu 2011 var gefin út handbókin **Ævintýri á gönguför** þar sem skoða má hugmyndir að verkefnum og gönguleiðum um miðborgina. Áfram var unnið að þessu verkefni á árinu 2012 fyrir önnur hverfi borgarinnar.

Farið var af stað með tilraunaverkefni í tveimur hverfum þar sem hegðunarráðgjafi á vegum þjónustumiðstöðvar fór á milli leikskóla og veitti stuðning og ráðgjöf vegna barna með hegðunarfrávik. Verkefnið verður metið á árinu 2013.

Starfshópur um heimasíður leikskóla lauk störfum á árinu og voru tillögur hans um nýjar og uppfærðar heimasíður leikskóla settar í framkvæmd á haustmánuðum.

Starfsemi hófst í október í nýbyggðum leikskóla í Norðlingaholti sem heyrir undir Raudhól. Hann er samtengdur Norðlingaskóla og miðast skólastarf við að flæði sé á milli skólastiganna. Nýja skólahúsið fékk nafnið **Ævintýri**. Þar eru fimm leikskóladeildir fyrir rúmlega hundrad börn. Hinar starfsstöðvar Raudhóls eru í leikskólabýggingu frá árinu 2007 og í Björnslandi sem tók til starfa 2009.


Ráðist var í endurgerð og lagfæringar á lóðum leikskólana Árborgar og Laugasólar. Þá var ráðist í ýmsar framkvæmdir á lóðum leikskólanna Barónsborgar, Hólaborgar, Nóaþorgar og Stakkaborgar.

Afmæli leikskóla

Nokkrir leikskólar áttu stórafmæli á árinu. Leikskólinn Brekkuborg varð 20 ára, Ægisborg 30 ára, Bakkaborg og Kvistaborg fögnuðu báðir 40 ára afmælum og á árinu voru 60 ár liðin frá stofnun leikskólans Brákarborgar. Þá fagnaði leikskólinn Laufásborg sextugsafmæli í október en sá skóli er nú rekinn af Hjallastefnunni.




Algengustu tungumál barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur haustið 2012



Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir hverfum frá 2012

Alls 1132 börn, þar af 465 með annað foreldrið íslenskt. Börn sem fæddst hafa á Íslandi meðtalín.



Grunnskólar

1. október 2012 voru 13.332 nemendur í almennum grunnskólum og 642 nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum þar með taldir 5 ára nemendur. Samtals voru grunnskólanemendur því 13.974 og hafði þeim fjölgað örlítið frá fyrra ári.

Skólaárið 2012-2013 voru 36 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg, þar af tveir sérskólar, tveir samreknir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili, tveir samreknir grunnskólar og þrír samreknir grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi grunnskólar voru sex.

Starfsáætlun

Í fagstarfi var lögð lögð áhersla á ýmis samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og fjórir sameinaðir grunnskólar og grunn- og leikskólar tóku til starfa. Þá var Foldaskóli gerður að safnskóla fyrir unglinga í sunnanverðum Grafarvogi.

Áfram var unnið að því að fylgja eftir tillögum starfshóps um drengi og námsárangur m.a. með því að stuðla að lestrarhvetjandi verkefnum og leggja grunn að stuttum myndskreiðum fyrir kennara um tölvuheim barna og unglinga. Einnig var haldið áfram að bjóða kennurum í grunnskólum borgarinnar á námskeið til að kynnst vinnuáðferðum Biophilii-verkefnisins og þeir kennarar sem sóttu námskeiðin fengu tímabundið til afnota kistu með spjaldtölvum, kennsluleiðbeiningum og öðru efni til að nýta í kennslunni.

Sjö skólar í borginni vinna saman að því að þróa viðmið um gæði kennslu og skólastarfs í samvinnu við skóla- og frístundasvið og Ardleigh Green skólann í Bretlandi.

Í framhaldi af námskeiði á haustsmiðju fyrir kennara voru stofnaðir þrír faghópar kennara á unglingastigi í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Hóparnir vinna að því að innleiða kenningarramma OECD í starfi sínu. Verkefnið er unnið í samstarfi við menntavísindasvið HÍ.

Myndver og myndmennt

Skóla- og frístundasvið var ötult við að og skipuleggja listviðburði fyrir börn á árinu. Myndver grunnskólanna og starfsemi þess heyrir undir sviðið, samningur um listbúðir og námskeið við Myndlistaskólann í Reykjavík var endurnýjaður og starfsmenn sinntu Barnamenningarhátíð, Biophilii-verkefninu, skipulagi kvikmyndasýninga í Bíó Paradís og öðrum viðburðum sem tengjast barna- og unglingamenningu. Á vordögum samþykkti skóla- og frístundaráð að móta framtíðarstefnu fyrir Myndver grunnskólanna.

Erlend samskipti

Tekið var á móti átta hópum erlendra gesta. Þeir heimsóttu bæði skrifstofur sviðsins og nokkra skóla og frístundamiðstöðvar og fengu kynningu á fagstarfinu. Meðal þessara hópa má nefna starfsfólk skólaskrifstofu og skólaþjónustu lkast-Brande sveitarfélagsins í Danmörku og hóp frá litháíska menntamálaráðuneytinu. Tveir hópar erlendra fjölmiðlamanna óskuðu eftir að heimsækja grunnskóla í borginni og fá að taka upp efni vegna þáttagerðar fyrir sjónvarp.



Framkvæmdir við skóla

Umfangsmiklar endurbætur hófust á árinu við Breiðagerðisskóla og var byrjað á elstu álmu skólans, en ráðgert er að framkvæmdum ljúki á árinu 2013. Nemendur á miðstigi sóttu skóla í húsnæði Háaleitisskóla í Hvassaleiti á meðan á framkvæmdum stóð.

Unnið var á árinu við endurbætur og frágang á skólalóðum við Norðlingaskóla, Sæmundarskóla, Seljaskóla, Hamraskóla og Réttarholtsskóla. Boltagerði voru sett upp við Foldaskóla, Breiðagerðisskóla, Háteigsskóla og Vættaskóla.

Nýir skólastjórnendur

Gengið var frá ráðningum skólastjóra við þrjá grunnskóla í Reykjavík á fundi skóla- og frístundaráðs í maí. Jónína Ágústsdóttir var ráðin skólastjóri í Breiðholtsskóla, Ásta Bjarney Elíasdóttir verður skólastjóri í Húsaskóla og Börkur Vígbórsson við Ölduselsskóla. Í júní var Örn Halldórsson ráðinn skólastjóri við Grandaskóla og Fanný Kristín Heimisdóttir leikskólastjóra við Sunnufold í Grafarvogi. Í ágúst var Sigfús Grétarsson ráðinn skólastjóri í Selásskóla.



Afmæli grunnskóla


Fossvogsskóli fagnaði 40 ára afmæli og var af því tilefni gefið út veglegt blað um skólann og sögu hans.

Nemendur í Hamraskóla fögnuðu 20 ára afmæli skólans í júní með skrudgöngu og afmælisleikum sem fólust í því að reyna með sér í ýmsum þrautum, t.d. að flysja epli og dansa.

Nemendur og starfsfólk í Langholtsskóla fagnaði sextugsafmæli skólans í september. Í tilefni tímamótanna var m.a. sett upp sýning í skólanum til að gefa innsýn í skólastarfið fyrr og nú.

Fellaskóli fagnaði fertugsafmæli með skólahátíð og afhjúpun á nýju veglistaverki sem nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans gerðu á skólalóðinni.

Fjöldi nemenda sem luku framhaldsskólaáföngum frá 2009-2012



Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur

Haustið 2010 var starfshópi falin markviss endurskoðun á stefnu fræðsluráðs um sérkennslu frá 2002 með tilliti til nýrra laga um grunnskóla og reglugerða með þeim, nýrrar aðalnámskrár, alþjóðlegra sáttmála sem Ísland á aðild að, stefnu annarra þjóða, niðurstaðna fjölmargra starfshópa og kannana sem gerðar höfðu verið frá því að fyrri stefna tók gildi árið 2002. Í hópnum áttu sæti auk starfsmanna af skóla- og frístundasviði, fulltrúar frá Félagi skólustjórnenda í Reykjavík, Kennarafélagi Reykjavíkur, sérfræðipjónustu við skóla á þjónustumiðstöðvum og foreldrasamtakanna SAMFOK. Að auki komi fjölmargir aðilar beint og óbeint að vinnu starfshópsins og 13 aðilar sendu inn umsagnir um stefnuna.

Nýja stefnan fékk heitið **Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum**. Megináherslan er á að leggja línur varðandi heildstætt kerfi stuðnings, kennslu og þjónustu sem er hluti af og innifalið í heildarskipulagi skólanna, nær til allra þátta skólastarfsins og til allar nemenda hans.

Í stefnunni er fjallað um hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og sett fram skilgreining sem tekur til viðhorfa, félagslegs samspils og þátttöku, sveigjanleika og fjölbreytni, besta mögulega árangurs hvers nemanda og stuðnings í skólastarfi. Annars vegar er fjallað um almennan stuðning í skólastarfi og hins vegar um sérstakan stuðning við einstaka nemendur og nemendahópa. Að auki er fjallað um sérskóla og sérúrræði, ráðgjöf og sérfræðipjónustu, úthlutun fjármagns og innleiðingu stefnunnar. Skóla- og frístundaráð samþykkti jafnframt á árinu að vinna rafræna handbók fyrir foreldra barna með fötlun, þar sem fram komi upplýsingar sem snerta nám og starf barna með fötlun í leik- grunnskólum og frístundastarfi.

Sérhæfð sérdeild fyrir nemendur með einhverfu úr Hamraskóla í Foldaskóla

Þegar unglingadeild Hamraskóla fluttist í Foldaskóla fluttist einnig sérhæfð sérdeild fyrir nemendur með einhverfu úr Hamraskóla í Foldaskóla. Starfsfólk deildarinnar flutti með nemendum og er deildin nú staðsett í rúmgóðu miðlægu rými í skólanum.

Undirbúningur að viðbyggingu og stórfelldum endurbótum á nýjum sérskóla, Klettaskóla, hófust á árinu. Til stendur að koma þar upp 3.400 fermetra viðbyggingu með íþróttastöðu og sundlaug. Jafnframt verður eldra húsnæði breytt til að það henti betur starfsemi skólans. Húsnæði mun stækka um helming við þessar framkvæmdir, úr tæplega 3.000 fermetrum í 6.340 fermetra.

Fjöldi grunnskólanemenda í sérskólum frá 2009 - 2012

	2009	2010	2011	2012
Brúarskóli ¹	30	35	49	34
Klettaskóli	0	0	94	96
Safamýrarskóli	13	13	-	-
Öskjuhlíðarskóli	83	81	-	-
Samtals nemendur í sérskólum	126	129	143	130

¹ Á vegum Brúarskóla eru einnig nemendur í Brúarseli, Dalbraut og Stúdlum.

Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli voru sameinaðir í einn skóla, Klettaskóla, haustið 2011

Fjöldi barna í sérhæfðum sérdeildum og sérskólum í Reykjavík

Fjöldi grunnskólanemenda í sérhæfðum sérdeildum frá 2007 - 2012

	2008	2009	2010	2011	2012
Foldaskóli – fardeild fyrir börn með atferlivanda ¹	16	23	29	33	33
Hlíðaskóli – táknaálssvið	19	18	17	17	13
Fellaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur	8	9	9	6	9
Hamraskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ²	6	7	8	8	-
Foldaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ²					8
Langholtsskóli – deild fyrir einhverfa nemendur	9	8	9	8	9
Vogaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ³	-	-	-	4	6
Réttarholtsskóli/Bjarkarhlíð nemendur með félagslega erfiðleika og hegðunarvanda ⁴	7	-	-	-	-
Samtals nemendur í sérhæfðum sérdeildum	65	65	72	72	78

¹ Fardeild sinnir málefnum nemenda í 5 skólum

² Deild fyrir einhverfa nemendur í Hamraskóla var flutt í Foldaskóla haustið 2012

³ Deild fyrir einhverfa nemendur í Vogaskóla tók til starfa haustið 2011

⁴ Bjarkarhlíð var lögð niður haustið 2009

Frístundamiðstöðvar

Þann 1. október 2012 voru sex frístundamiðstöðvar reknar af Reykjavíkurborg. Þær höfðu umsjón með 34 frístundaheimilum, 4 frístundaklúbbum og 21 félagsmiðstöð. Til viðbótar voru fimm frístundaheimili og ein félagsmiðstöð rekin af grunnskólum. Alls var 3.591 barn skráð á frístundaheimili og hátt í 200 þúsund heimsóknir 10-16 ára barna í félagsmiðstöðvornar. Í sumarstarfinu voru alls 4315 vikuskráningar í sumarfrístund fyrir 6-9 ára börn, 483 vikuskráningar í frístundaklúbba fyrir 10-16 ára börn með fötlun, 2.265 dagskráningar í smíðjur fyrir 10-12 ára og 307 börn voru skráð á smíðavelli.

Fjöldi barna á frístundaheimilum 1. október 2012, eftir fæðingarári

Frístundaheimili	2003	2004	2005	2006	Alls
Álfheimar		1	41	40	82
Álftabær	10	16	21	38	85
Bakkasel	2	14	35	35	86
Brosbær	3	18	22	25	68
Dalbúar		13	23	14	50
Draumaland	12	18	32	34	96
Eldflaugin (Hlíðaskjól)	11	26	45	57	139
Fjósið	2	28	50	50	130
Frostheimar	79	150			229
Gláðheimar	5	22	53	54	134
Gulahlíð	7	3	9	6	25
Halastjarnan	17	44	40	45	146
Hraunheimar	12	24			36
Hvergiland	6	9	20	15	50
Kastali	12	22	26	22	82
Kátakot	4	5	14	2	25
Klapparholt	13	26	39	56	134
Krakkakot		13	16	26	55
Laugarsel	1	32	75	71	179
Nedstaland	22	27	44	38	131
Regnbogaland	6	25	30	24	85
Selið			73	91	164
Simbað	10	21	15	17	63
Skólasel	1	20	18	16	55
Skýjaborgir			50	53	103
Sólbúar	22	39	38	51	150
Stjörnuland		20	41	35	96
Tígriðsbær	1	19	40	48	108
Töfrasel	19	29	38	39	125
Undraland			40	40	80
Vínafell			5	7	12
Vínaheimar	8	17	37	21	83
Vínasel*	1	17	30	56	104
Víðisel		13	28	29	70
Vík	1	8	26	41	76
Vogasel	2	28	29	34	93
Ævintýraland	8	19	12	15	54
Samtals	297	786	1.155	1.245	3.483

*Í Vínafelli eru einungis börn með dvalartíma eftir 15:30 skráð í frístund.

Starf fyrir fatlaða	1996-1998	1999-2001	2002	Alls
Askja	15	10		25
Frístundaklúbburinn Garður		18	9	27
Frístundaklúbburinn Hellirinn	6	4	3	13
Frístundaklúbburinn Hofið	6	8	6	20
Frístundaklúbburinn Höllin	12	7	4	23
Samtals	39	47	22	108

Starfsáætlun

Í starfsáætlun var lögð áhersla á að unnin yrðu viðmið um gott frístundastarf en í janúar samþykkti skóla- og frístundaráð að fela sviðsstjóra að setja af stað starfshóp sem vinna skyldi að þróun og innleiðingu innra og ytra mats á frístundastarfi. Skóla- og frístundaráð samþykkti jafnframt að setja af stað starfshóp sem móta skal áherslur í frístundastarfi fyrir 10-12 ára börn. Þá samþykkti ráðið að hefja vinnu að þarfagreiningu fyrir frístundastarf ungmenna yfir 16 ára aldri í samráði við ÍTR.

Verkefni sem lögð var áhersla á voru útivistarverkefni Gufunesbæjar og Ársels í Grafarvogi og Árbæ. Á frístundaheimilunum voru börn hvött til yndislesturs og deildarstjórar barnastarfs unnu að gerð námsgskrár fyrir frístundaheimilin. Rík áhersla var á hópastarf og að efla félagsþroska og sjálfsmynd. Eins var mikil áhersla lögð á að þróa og endurskoða leiðir til að efla barna- og unglingalýðræði með sérstakri áherslu á 10-12 ára aldurinn. Unnið var að því að auka samstarf starfsstaða og stjórnenda skóla- og frístundasviðs innan hverfa með svokölluðum fléttuverkefnum sem hafa það að markmiði að móta samfellu og heildarumgjörð utan um skóla- og frístundastarf í hverfunum.



Skipulagsbreytingar

Unnið var að sameiningum félagsmiðstöðva í Grafarvogi samhliða sameiningum unglingadeilda grunnskólanna þar. Við samruna unglingadeilda Borgaskóla og Engjaskóla í Vættaskóla sameinuðust í kjölfarið félagsmiðstöðvarnar Borgyn og Engyn. Félagsmiðstöðin í Vættaskóla fékk heitið Dregyn. Við samruna unglingadeilda Víkurskóla og Korpuskóla í Kelduskóla sameinuðust félagsmiðstöðvarnar Frígyn og Sængyn. Félagsmiðstöðin í Kelduskóla heitir nú Púgyn.

Í Breiðholti opnaði frístunda miðstöðin Miðberg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla að Hraunbergi 12. Fyrirmyndin að Hraunheimum er safnfrístundaheimilið Frostheimar í Vesturbæ, en þar hefur þátttaka í frístundastarfi fyrir 3. og 4. bekk aukist til muna með tilkomu Frostheima. Rekstur frístundaheimilisins Vinasels í Fellaskóla sem nú er fyrir börn í 1. og 2. bekk fluttist til skólans.

Frístundaheimilið Hlíðarskjól við Hlíðarskóla óskaði eftir nafnbreytingu og heitir nú Eldflaugin. Samhliða því var gerður verkferill vegna nafnbreytinga á starfsstöðum frístunda miðstöðva.

Vidburðir

Austurbæjarskóli sigraði **Skrekk** 2012 og félagsmiðstöðvadaðurinn var haldinn hátíðlegur 7. nóvember í öllum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs. Uppskeruhátíð starfsfólks frístunda miðstöðva **Höfuð í bleyti** var haldin 4. maí, þriðja árið í röð, þar sem kynnt voru skemmtileg verkefni á vettvangi frístundamála SFS og Jakob Frímann Þorsteinsson hélt erindið **Kíkt úr kafi!** hugleiðingar um þróun frístundastarfs.

Húsnæðismál

Skóla- og frístundaráð samþykkti í ágúst að hluti af starfsemi frístundaheimilisins Vogasels fluttist úr húsnæði Vogaskóla í Sólheima 35. Ennfremur var samþykkt að flytja starfsemi frístundaklúbbsins Hofins úr Sólheimum 35 í Safamýri 5.

Vegna aukinnar eftirspurnar er húsnæði frístundaheimilisins Frostheima orðið of lítið miðað við skilgreiningu á rýmisþörf og því var gripið til þess ráðs að fara í verkefnið **Frostheimar á flandri** á meðan unnið er að varanlegri lausn í húsnæðismálum en verkefnið felst í því að hluti barnanna fer með rútu á ýmsa áhugaverða staði í borginni.

Ráðið samþykkti hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík um að breyta spennistöð við Austurbæjarskóla í félags- og menningarmiðstöð.



Skólahljómsveitir

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskólann á Klébergi. Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Um 416 nemendur stunduðu nám í skólahljómsveitum haustið 2012 og er hátt í þriðjungur þeirra í miðnámi. Starfsmenn skólahljómsveita voru 45 í rúmlega 26 stöðugildum, þar af 4 stjórnendur.

Á árinu fluttist aðaladsetur skólahljómsveitar Grafarvogs úr Foldaskóla í Húsaskóla samhliða sameiningu unglingadeilda þessara skóla og Hamraskóla.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg starfa eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Samþykktar voru nýjar reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla vorið 2012 og á haustdögum voru undirritaðir nýir samningar til þriggja ára við flesta tónlistarskólana. Alls fengu 18 sjálfstætt starfandi tónlistarskólar föst framlög frá borginni á árinu til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna nemenda á grunnstigi í söng og á grunn- og miðstigi í hljóðfæraleik auk fornáms. Reykjavíkurborg sá einnig um greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla vegna framhaldsnáms í samræmi við samkomulag ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Reykvískir nemendur tónlistarskólanna voru um 2.800 á öllum aldri, að meðtöldum nemendum í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum sem borgin greiðir með. Alls stunduð um 3.100 nemendur tónlistarnám í tónlistarskólum í Reykjavík á árinu 2012.



Fullorðinsfræðsla

Verkefni Námsflokka Reykjavíkur felast í almennri fullorðinsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf sem veitt er hjá öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Sérstæk samstarfverkefni eru unnin samkvæmt samningum við velferðarsvið Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneyti Fjölbautaskólann við Ármúla og Fjölmenn.

Hjá Námsflokum Reykjavíkur stunduðu 221 nám á árinu 2012, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu sér náms- og starfsráðgjafar í samtals 1.940 viðtölum. Starfsmenn eru nú 11 auk 15 kennara sem eru verktakar. Námsframboð skiptist í fimm flokka:

1. Átaksverkefni; **Kvennasmiðja**, **Karlasmiðja** og **Grettistak** 9-18 mánuði. Verkefnin unnin eru samkvæmt samningum við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

2. Ungmennaverkefni; **Námskraftur** og **Starfskraftur**. Verkefni eru unnin í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Fjölbautaskólann við Ármúla.

3. Námsbrú, fyrstu áfangar framhaldsskóla. Einkum ætlað nemendum sem hafa lokið námi í átaksverkefnum.

3. Fjölmennarverkefni; verkefni unnin í samstarfi við Fjölmenn sniðin að þörfum nemenda með þroskahömlun eða geðraskanir.

4. Grunn nám; opin verkefni sem eru aðgengileg öllum fullorðnum.

Námsflokkarnir hafa þróað sérhæfðar námsbrautir sem byggja á því að skapa samfelldan skóladag með náms-áföngum í stærðfræði, listum, heimspeki og íslensku, auk markvissrar námsráðgjafar. Samningur þar að lútandi gildir til vors 2013 og miðar að því að stemma stigu við brottfalli úr framhaldsskóla.

Á árinu var undirritaður samningur Námsflokka við Fjölmenn um fjölbreytta símenntun fyrir fatlaða, einkum fyrir ungt fólk með geðraskanir. Búið verður upp á lengri og skemmri námskeið. Kennir verður í nýju húsnæði að Suðurlandsbraut 32 sem hefur verið innréttað með það fyrir augum að þar fari fram fjölbreytt kennsla, ekki síst á sviði list- og verkgreina.

Skóla- og frístundaráð samþykkti í apríl að skipa skyldi starfshóp til að endurskoða félagslega menntastefnu Reykjavíkur frá árinu 2005.



Við undirritun samningsins voru Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS, María Hildibjörnsdóttir framkvæmdastjóri Fjölmennar, Vilborg Jóhannsdóttir, stjórnarmaður Fjölmennar, Lúnn Antonsdóttir forstöðukona Námsflokka, Anna Filippía Sigurðardóttir, verkefnisstjóri og Bjarni Kristjánsson stjórnarformaður Fjölmennar

Starfsmenn og starfsþróun

Á haustdögum var farið af stað með leiðtoganám fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra, þar sem efnistösk voru sérsníðin að hverjum stjórnendahópi. Þetta er eitt víðamesta símenntunarverkefnið fyrir stjórnendur leikskólanna sem farið hefur af stað á vegum borgarinnar og voru þátttakendur nær 400. Námið fyrir leikskólastjórana var skipulagt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

Námskeið fyrir starfsfólk leikskóla 2012

Heiti/inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Námskeiðsbúðir fyrir leikskólastjóra í sameinuðum leikskólum	Leikskólastjórar í sameinuðum leikskólum	1	35	11
Námskeiðsdagur dagforeldra	Dagforeldrar	1	5	114
Námskeið um foreldrasamstarf	Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	3	2	72
Ef þú hétir Björn en ekki Björg? Um karlmenn í leikskólum	Starfsfólk leikskóla	1	2	29
Þjónandi forysta	Leikskólastjórar	1	2	25
Stefnumótun og stefnumiðuð stjórnun	Leikskólastjórar	1	1.5	25
Samtals		8	47.5	276

Auk ofantalinna námskeiða sótti starfsfólk í leikskólum ýmis námskeið sem voru haldin í samvinnu við Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Einnig voru haldin starfstengd íslenskunámskeið á vorönn í samvinnu við önnur svið borgarinnar. Fagnámskeið voru haldin fyrir starfsfólk leikskóla í samvinnu við Eflingu og Mími-símenntun og búið var upp á framhaldsnámskeið fyrir leikskólalíða um börn með sérþarfir. Starfsfólk leikskólaskrifstofu og starfsmannþjónustu bauð einnig upp á styttri námskeið og fyrirlestra í leikskólum.

Námskeið fyrir starfsfólk frístundamiðstöðva 2012

Heiti/ Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Leiðtogaskólinn	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	3	9	75
Almenn skyndihjálp	Starfsmenn á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum	2	4	40
Sálræn skyndihjálp	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	4	10
Vellíðan og árangur	stjórnendanámskeið – Forstöðumenn, deildastjórar og rekstrarstjórar	3	3	70
Samtals:		9	20	195



Námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla 2012

Heiti/ Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Að mennta gegnum myndlist	Grunnskólakennarar	1	5	19
Bekkjafundir	Grunnskólakennarar	1	6	9
Breytingastjórnun	Skólastjórnendur	2	3	14
Byrjendalæsi - 1. ár	Grunnskólakennarar	1	36	58
Byrjendalæsi - 2. ár	Grunnskólakennarar	1	28	45
Byrjendalæsi - leiðtogar I	Grunnskólakennarar	1	48	11
Fjölbreytni lífvera	Grunnskólakennarar	1	10	10
Námskeið um foreldrasamstarf	Skólastjórnendur	1	16	80
Fræðslufundir um skjalamál	Skólastjórnendur og skólaritarar	5	3	113
Jákvæð sálfræði: Hamingjan í leik og starfi	Starfsmenn StRvk	1	4	16
Kennsluadferðir í skóla margbreytileikans	Grunnskólakennarar	1	12	18
Kennsluforrit á vefnum	Grunnskólakennarar	1	6	14
Kvikmyndalæsi	Grunnskólakennarar	1	8	19
Laugarvarsla og skyndihjálp	Laugarverðir og starfsmenn skólasundlauga	1	8	13
Lesið í skógin	Grunnskólakennarar	1	4	24
Lesröskun og áhrif á nám	Grunnskólakennarar	1	8	32
Lestur og ritun til náms	Grunnskólakennarar	1	30	15
Málstofa um heildarmat á skólastarfi	Stjórnendur SFS	1	4	80
Moodle	Grunnskólakennarar	1	5	15
Nám fyrir skólalíða í samstarfi við Framvegis	Skólalíðar	1	70	14
Námsáætlanir og námsmat	Grunnskólakennarar	1	4	29
Námserfðileikar vegna lesröskunar	Grunnskólakennarar	1	8	46
Power Point	Grunnskólakennarar	1	4	10
Rafmagnsfræði	Grunnskólakennarar	1	24	5
Rathlaup	Grunnskólakennarar	1	8	15
Samtalsfærni	Grunnskólakennarar	1	5	20
Skyndihjálp	Umsjónarmenn	2	8	22
Stærðfræðikennsla	Grunnskólakennarar	1	5	30
Umsjónarkennarinn	Grunnskólakennarar	1	5	26
Word og Power Point	Grunnskólakennarar	2	5	10
Þjónusta við einhverf börn í grunnskólum	Stuðningsfulltrúar	1	3	27
Öskudagsráðstefna	Grunnskólakennarar og skólastjórnendur	1		650
Samtals:		39	393	1509



Rannsóknir og kannanir

Besti árangur í stærðfræðiskimun frá upphafi

Stærðfræðiskimunin **Talnalykill**, sem miðar að því að finna þá nemendur í 3. bekk sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi, leiddi í ljós ánægjulegar niðurstöður. Aldrei hafa færri nemendur verið í slíkum vanda eða 72 nemendur af 1.147 sem skimunin var lögð fyrir, um 6%. Skimunarpróf í stærðfræði hefur verið lagt fyrir í grunnskólum Reykjavíkur frá árinu 2003 og var þetta því áttunda könnunin. Alls tóku 33 skólar þátt í henni og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Foreldrar ánægðir og minna einelti

Könnun meðal foreldra grunnskólabarna sýndi að 84% þeirra voru ánægðir með skóla barns síns og hefur ánægjan ekki mælst meiri frá árinu 2002. Mikill meirihluti foreldra taldi að börnum þeirra líði vel í skólanum og jókst ánægja með líðan í kennslustundum mest. Þá sýndi könnunin að þorri foreldra var ánægður með áherslur í innra starfi skólans, s.s. á námskröfur, heimanám, aga, próf og námsmat. Ein ánægjulegasta niðurstaða könnunarinnar var að hlutfall foreldra sem telur barn sitt hafa orðið fyrir einelti lækkaði, úr 16% á árinu 2010 í 11% 2012. Þeir foreldrar sem sögðu barn sitt hafa orðið fyrir einelti í skólanum voru flestir ánægðir með hvernig skólinn tók á því en um 70% þeirra töldu hann hafa unnið vel með málið.

Ánægja með sumarsmiðjum og frístundastarf

Könnun sem gerð var meðal foreldra barna sem tóku þátt í sumarsmiðjum frístundaheimilanna sýndi að 95% þeirra voru ánægðir með framkvæmd þeirra og viðfangsefni barnanna. Ánægja foreldra mældist á bilinu 94-100% eftir hverfum og var mikil ánægja með flesta þætti sem spurt var um. 96% foreldra sögðu að barni þeirra hafi líðið vel í smiðjunum og sama hlutfall foreldra sögðu að barnið hefði hlakkað til að fara.

Niðurstöður foreldrakönnunar meðal barna á frístundaheimilum bentu til víðtækrar ánægju með þá þjónustu sem þar er boðið upp á. Tæp 90% foreldra töldu að barninu þeirra líði vel á frístundaheimilinu og 83% töldu dvöl á frístundaheimili hafa góð áhrif á félagsfærni barnsins. Um 70% foreldra barna á aldrinum 6-9 ára nýttu sér á árinu þjónustu frístundaheimilis, en það hlutfall var 60% árið 2010.

Um 84% foreldra á unglingastigi sögðu barn sitt hafa sótt félagsmiðstöð á árinu. 70% unglinganna sóttu starfið vikulega eða mánaðarlega en hinir sjaldnar. Þeir foreldrar sem sögðu barnið ekki hafa sótt félagsmiðstöð sögðu áhuga barnsins ráða mestu þar um. Ánægja foreldra með líðan barnsins var mikil og um 94% foreldra töldu þátttökuna hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barnsins.



Ráðstefnur og málþing

Meira en stafir og staut

Í tengslum við dag leikskólans 4. febrúar var haldin ráðstefnan **Læsi meira en stafir og staut**. Þema hennar var læsi í víðum skilningi og tók mið af námssviðinu læsi og samskipti í aðalnámskrá leikskóla. Á ráðstefnunni fjallaði Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, um þann grunn sem er lagður að læsi í leikskólanum og um hlutverk uppálenda. Auk þess kynntu Adalheiður Stefánsdóttir og Sigurlaug Einarisdóttir starfsaðferðir í leikskólanum Reynisholti í erindi sem þær kölluðu **Líf og leikni** og Ásgerður Guðnadóttir fjallaði um samskipti og lýðræði í leik með börnum í leikskólanum Fífuborg.

Öskudagsráðstefnan

Yfirskrift árlegrar ráðstefnu reykískra grunnskólakennara sem haldin var á Hilton Reykjavík Nordica í febrúar var: **Grunnskólinn – Hvaðan kom hann? – Hvert er hann að fara? – Hvað er hann?**

Fjórir fyrirlesarar fjölluðu um þarfir framtíðar samfélagsins fyrir nýsköpun og fjölbreytta þekkingu og hvernig grunnskólinn væri að mæta þeim þörfum í kennsluháttum og námsmati. Aðalfyrirlesarar voru Dr. Stéphan Vincent-Lancrin, sérfræðingur og verkefnastjóri við miðstöð menntarannsóknna og nýsköpunar hjá OECD og Peter Gerlach, ráðgjafi við McKinsey-stofnunina í Stokkhólmi. Á sjöunda hundrað kennara sóttu ráðstefnuna.



Nokkrir fyrirlesarar á ráðstefnunni; frá vinstri Sigurjón Mýrdal, Dr. Stéphan Vincent-Lancrin frá OECD og lengst til hægri Peter Gerlach frá McKinsey-stofnuninni í Stokkhólmi.

Vinsamlegt samfélag

Starfsmenn á skóla- og frístundasviði fjölmenntu í mars á ráðstefnu um leiðir til að stemma stigu við einelti. Stýrihópur um **Vinsamlegt samfélag** skipulagði ráðstefnuna þar sem flutt voru fjölmörg erindi um eineltismál, forvarnir og viðbrögð.

Fræðsluþing um læsi í leikskólum

Í samvinnu við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO var í lok lestarhátíðar, 31. október, haldið fræðsluþing um læsi í leikskóla, undir heitinu **Orðið er frjálst**. Þar kynnti Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs, mótun læsistefnu fyrir leikskóla og Freyja Birgisdóttir lektor fjallaði um mikilvægi leikskólans fyrir þróun læsis. Þá var fjallað um markvissa málrækt í leikskólum.

Málþing um skil skólastiga

Í tilefni af útkomu bókarinnar **Skil skólastiga – Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla** eftir Gerði G. Óskarsdóttur, stóð sviðið fyrir málþingi í Nordlingaskóla 13. nóvember. Þar gerði Gerður grein fyrir niðurstöðum úr umfangsmikilli rannsókn á tvennum skólaskilum og sýndi fram á hvað betur mætti fara. Á þriðja hundrað manns sóttu þingið.

Meir 'en að segja það málþing um móðurmál á Íslandi SFS skipulagði í samstarfi við fleiri velheppnað málþing í Gerðubergi í nóvember um móðurmálsmenntun barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku.



Viðburðir

Vetrarhátíð í Frostaskjóli

Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar voru eins og jafnan virk á **Vetrarhátíð**. Félagsmiðstöðin Frosti var m.a. með upptökur í Sjóminjasafninu, tónleika, ljósmyndasýningu og fl. en þema hátíðarinnar að þessu sinni var **Magnað myrkur**. Í Frostheimum var unnið með skuggamyndir og í Selinu við Melaskóla var til ævintýralegur myrkrakellir. Þá voru framdir ljósmyndagjörningar og farið inn í heim íslenskra þjóðsagna þar sem myrkrið ræður ríkjum. Í ráðhúsi var sett upp sýning á möguleikum legókubba þar sem börnum gafst tækifæri til að virkja sköpunargáfunna.

Barnamenningarhátíð

1.200 grunnskólabörn úr 4. bekk tóku þátt í setningarathöfn Barnamenningarhátíðar sem haldin var í Hörpu. Tæplega 200 viðburðir voru á dagskrá hátíðarinnar sem stóð frá 17. – 22. apríl og komu skólar, frístundamiðstöðvar, tónlistar- og myndlistaskólar, listdanskólar, bókasöfn, listasöfn og aðrar menningarstofnana að viðburðum. Í lðnó var starfrækt barnamenningarhús sem fékk nafnið **Ævintýrahöllin** og var þar fjölbreytt dagskrá, s.s. sirkusmiðja, brúðuleikhús, legónámskeið og barnajóga.

Stóri leikskóladagurinn 1. júní

Stóri leikskóladagurinn var haldinn í fjórða sinn 1. júní í samstarfi við Félag áhugafólks um skólaþróun, RannUng, Menntavísindasvið HÍ, Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla. Yfirskrift dagsins var **Vorvindar glaðir** og var boðið upp á áhugaverða fyrirlestra og fagsýningu 24 verkefna. Ákveðið var að bjóða einu nágretta sveitafélaga að taka þátt í deginum og var Akraneskaupstaður fyrsta gestasveitafélagið.

Sameiningarhátíðir

Sameinaðir leikskólar og grunnskólar stóðu fyrir nokkrum sameiningar- og nafnahátíðum á árinu.

Í tilefni af því að sameinaður leikskóli Arnarborgar og Fálkaborgar fékk nafnið **Borg** var efnt til táknrænnar athafnar á Bakkatúni í janúar. Börn, starfsfólk og foreldrar völdu sér fallegan efnisbút eða band sem bundin voru saman í hvorum leikskóla fyrir sig.

Nafnahátíð var haldin þegar sameinaður leikskóli í Foldahverfi fékk nýtt nafn; **Sunnufold**.

Í nýjum **Kelduskóla** var efnt til sameiningarhátíðar í byrjun árs með gagnkvæmum heimsóknum nemenda á milli starfsstöðvanna, **Korpu** og **Víkur**.

Í nýjum **Háaleitisskóla** var farið í skrudgöngu á milli starfsstöðvanna **Álftamýri** og **Hvassaleitis** og nýjum skólafána skartað.

Verðlaun og styrkir

Barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs

Tvær unglingasögur voru verðlaunaðar þegar Barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru afhent í 40. sinn. Margrét Örnólfsdóttir fékk verðlaunin fyrir bestu frumsömdu bókina, *Með heiminn í vasanum*, og Magnea J. Matthíasdóttir fyrir bestu þýðingu á barna- og unglingabók, *Hungurleikunum* eftir Suzanne Collins.



Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun grunnskóla

Alls fengu 30 grunnskólanemar og einn hópur Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir að skara fram úr í námi, félagsstarfi eða á öðrum sviðum í sínum skólum. Þá fengu fimm grunnskólar hvatningarverðlaun og viðurkenningu fyrir þróunarstarf og nýbreytni í skólastarfi; Hamraskóli, Háaleitisskóli, Laugarnesskóli, Hólabrekkuskóli og Rimaskóli.



Hvatningarverðlaun til leikskóla

Fimm leikskólar fengu í júní hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir þróunar- og nýbreytnistarf. Þetta voru leikskólarnir Laufskálar, Raudaborg, Sólborg, Sæborg og Ægisborg. Þá fékk Rakel G. Magnúsdóttir leikskólakennari í Bakkabergi hvatningarverðlaun fyrir frumkvöðlastarf í upplýsingatækni með leikskólabörnum.

Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf

Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf voru veitt í fyrsta sinn á árinu og komu í hlut tveggja frístundamiðstöðva, eins frístundaklúbbs og eins verkefnastjóra, en alls barst 31 tilnefning til verðlaunanna vegna 23 verkefna. Verðlaunin hlutu frístundamiðstöðin Kampur fyrir verkefnið *Drullumall* – tónleikaröð félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðin Frostaskjól fyrir verkefnið *Himingeiminn* – stjörnutjald í Vesturbæ, frístundaklúbburinn Höllin fyrir frístundastarf fyrir 10-16 ára börn og unglinga með fötlun og Eygló Rúnarsdóttir, verkefnistjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS fyrir starf sitt með Reykjavíkurráði ungmenna.



Taka 2012

Á áttunda tug mynda frá grunnskólanemendum í Reykjavík bárust í stuttmyndakeppnina TÖKU 2012 en keppt var í flokkum leikinna stuttmynda, hreyfimynda og heimildamynda. Aldrei áður hafa borist jafn margar myndir í keppnina sem haldin hefur verið árlega frá árinu 1981. Í flokki leikinna stuttmynda fór myndin **Sá á fund sem finnur** sem gerð var af eldri nemendum í Austurbæjarskóla með sigur af hólmi. Verðlaun í hverjum flokki voru að vanda í formi hins eftirsóttu **Klapprés** með árituðum nöfnum höfunda. Sigurmyndirnar voru sýndar á kvikmyndahátíð í Bíó Paradís 3. maí og var stóri salurinn þétt setinn ungum og áhugasömum kvikmyndagerðarmönnum.

Íslenskuverðlaun unga fólksins

Sextíu og þrír grunnskólanemar í Reykjavík tóku á degi íslenskrar tungu við Íslenskuverðlaunum unga fólksins í Bókmenntaborginni Reykjavík. Þeir höfðu á ýmsa vegu skarað fram úr í íslenskunámi, frumlegum skrifum og tjáningu. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Nordurljósasal Hörpu, að viðstaddri Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta og verndara verðlaunanna. Markmið Íslenskuverðlaunanna er að hvetja nemendur til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs og vekja þau til vitundar um auðinn í íslenskri tungu.



Austurbæjarskóli sigraði Skrekk

Atriði Austurbæjarskóla **Krítéría** þótti best á úrslitavöldi Skrekkis í Borgarleikhúsinu í nóvember. Nemendur úr átta skólum, Ölduselsskóla, Háteigsskóla, Ingunnarskóla, Kelduskóla, Fellaskóla, Hlíðarskóla, Austurbæjarskóla og Breiðholtsskóla kepptu til úrslita um, dyggilegar studdir af skólafélögum sínum.



Styrkir

Við úthlutun þróunar- og samstarfsstyrkja leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs var haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem miða að auknu samstarfi og samþættingu verkefna þvert á skólastig, svo og læsi í viðum skilningi. Jafnframt var horft til verkefna sem styrkja Reykjavík í sessi sem bókmenntaborg UNESCO.

Úthlutað var til 38 verkefna fyrir rúmar 25 milljónir króna. Hæsti styrkurinn til þróunarstarfs, 3,5 milljón króna, fór til samstarfsverkefnis fjögurra leikskóla, **Skína smástjörnur** og miðar að því að þróa gæðastarf í fagstarfi með yngstu leikskólabörnunum.

Meðal lestrarhvetjandi verkefna sem fengu styrk og eiga að styrkja borgina í sessi sem Bókmenntaborg UNESCO má nefna lestrarverkefnið **Orð af orði** til Fossvogsskóla og Hlíðaskóla, **Bókasafn á ferð og flugi** til frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól, **Læsi í Dalnum** til Dalskóla og **Skáld í skólum**. Þá fékk Þjónustumiðstöðin í Breiðholti og Menntavísindasvið HÍ þriggja milljóna króna styrk til verkefnisins sem miðar að því að efla menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Skóla- og frístundaráð afhenti einnig almenna styrki fyrir andvirði 5.250.000 kr. Hæsti styrkurinn, 1,2 mkr., rann til nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.



Útgáfur

Bæklingur um Birtu-skóla og jóga í leikskólastarfi

Handbókin Ævintýri á gönguför, uppgötvani og fróðleikur fyrir börn á leikskólaaldri í miðborg Reykjavíkur.
Bragi Bergsson.

Umhverfið er okkar bók – kennslumyndband um útinám og umhverfismennt leikskólabarna. Erla Stefánsdóttir ljósmyndari sá um upptökur, klippingu og vinnslu en umsjón með gerð myndbandsins höfðu Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir.

Bæklingar á sex tungumálum um mikilvægi frístundastarfsins
Frístundamiðstöðin Kampur/Dagbjört Ásbjörnsdóttir.

Gaman saman
Fjölskyldumorgnar – Fjölskyldusamvera.
Frída Bjarney Jónsdóttir og fl.

Blíð byrjun – skýrsla starfshóps.
Umgjörð um skólastarf í Úlfarsárdal – skýrsla vinnuhóps.

Stefna um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning í grunnskólum Reykjavíkur.
Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir.

Nám og kennsla
Börn með þroskahömlun – skýrsla starfshóps. Skóli án aðgengi

Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkur

Könnun meðal dagforeldra vor 2012
TOR tölfræði- og rannsóknþjónusta

Könnun meðal foreldra sem eiga barn hjá dagforeldri vor 2012
TOR tölfræði- og rannsóknþjónusta

Hvað segja foreldrar af erlendum uppruna um leikskólastarfið – viðtöl.
TOR tölfræði- og rannsóknþjónusta

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs 2012
TOR tölfræði- og rannsóknþjónusta

Viðhorf foreldra til frístundastarfs
TOR tölfræði- og rannsóknþjónusta

Lesskimun í 2. bekk – vor 2012
TOR tölfræði- og rannsóknþjónusta

Stærðfræðiskimun – Talnalykill 2012
TOR tölfræði- og rannsóknþjónustav

Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs 2011
Sigrún Björnsdóttir og fl.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2012



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið